

# Minningarorð um Guðmund Klemenzson



Mýnd: Þorkell Þorkelsson

Það voru skelfileg tíðindi að fréttu af óvæntu fráfalli góðs vinar og náins samstarfsfélaga okkar beggja, Guðmundar Klemenzsonar, þann 8. desember síðastliðinn. Gummi Klem, eins og við kölluðum hann, mun skilja eftir sig stórt skarð á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala, og víðar, enda með eindæmum fær læknir og farsæll. Gummi var náinn samstarfsmaður okkar til fjölda ára og bar aldrei skugga á það samstarf. Hann var einnig góður vinur og mátti ekkert aumt sjá. Allt af tilbúinn að rétta fram hjálparhönd og leggja sitt af mörkum, bæði á spítalanum og utan hans. Traustari samstarfsmann er varla hægt að hugsa sér. Einn helsti styrkur hans var hversu rólegur og og yfirvegaður hann var við erfiðar aðstæður, til dæmis þegar mikið gekk á í flóknum hjartaaðgerðum. Þetta er eitthvað sem fjölmargir læknar á skurðsviði Landspítala mátu mikils og var oft leitað til hans eftir ráðum við erfiðari tilfelli.

Gummi var sérlega þægilegur í samvinnu og vinsæll, bæði meðal lækna og annars starfsfólks á skurðstofum og gjörgæsludeildum spítalans. Hann var frábær

námsmaður og var með best menntuðu læknum á Íslandi. Eftir stúdentspróf við Menntaskólann í Reykjavík og læknánám við læknadeild HÍ lagði hann stund á krefjandi framhaldsnám í svæfinga- og gjörgæslulækningum við Madison-háskóla í Bandaríkjunum. Hann stundaði síðan frekara framhaldsnám í hjartasvæfingum við hina virtu Mayo Clinic í Rochester í Bandaríkjunum. Árið 2003 fékk hann starf við svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala við Hringbraut. Þar sinnti hann til dauðadags störfum á bæði gjörgæsludeild og skurðstofugangi, þó sérstaklega við opnar hjarta- og lungnaaðgerðir, en einnig lagði hann sig sérstaklega eftir svæfingum á fæðinga- og kvennadeild spítalans.

Stuttu fyrir andlát sitt átti Gummi þátt í stofnun Klíníkkurinnar í Ármúla og ætlaði hann sér að starfa á þeim vettvangi í hlutastarfi meðfram störfum á Landspítala. Gummi var skarpgreindur og sérlega vel lesinn – alltaf með nýjustu greinar í *New England* og fleiri vísindaritum á hreinu, og ekki bara á sínu sérsviði heldur einnig í öðrum sérgreinum læknisfræði. En Gummi kom ekki bara við sögu á

spítalanum heldur einnig við önnur störf sem tengdust sérgreinum okkar, til dæmis kom hann oft að málþingum á Læknadögum og skipulagningu fjölmargra árlegra vísindapinga sem Félag svæfinga- og gjörgæslulækna og Skurðlæknafélag Íslands stóðu að í sameiningu. Þar var framlag hans mikilvægt og óeigingjarnt starf hans fyrir þessi félög er ómetanlegt. Gummi var líka mikill húmoristi og hárbeyttur og oft meinfyndinna athugasemda hans á morgunfundum verður sárt saknað. Hann var frábær kennari og unglækna og læknarnemar munu sakna ótuls leiðbeinanda. Gummi gat haft sterkar skoðanir á mönnum og málefnum og ekki vorum við alltaf sammála í pólitík. En hann bar þó alltaf virðingu fyrir skoðunum annarra og gaf sér tíma til að hlusta. Það er ljóst að íslensk læknastétt og Landspítali hafa misst einn af sínum bestu félögum. Missir nánustu ættingja er þó mestur og vottum við þeim samúð okkar.

*Tómas Guðbjartsson og Kári Hreinsson*